

Málþing Kennsluakademíu 22 maí 2022

Pröstur Olaf Sigurjónsson

Raundæmi sem nýir kennsluhættir og útgáfa við Háskóla Íslands

Í stefnu Háskóla Íslands til ársins 2026 segir að „Nám við skólann býr nemendur undir þátttöku í fjölbreyttu og síbreytilegu atvinnulífi“ og þegar fjallað er um gæði náms í stefnunni segir „Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelltri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi.“ Enn fremur segir að Háskólinn hafi það markmið að „... aðgengi að símenntun verði eftt og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi“. Þetta er sýn fjölmargra háskóla og samtaka háskóla.

Raundæmi (e. cases), sem skrifuð eru um íslenskar aðstæður, geta í miklu meira mæli en er nú við Háskóla Íslands (HÍ), staðið sem grunnur að námsefni við HÍ eins og í mörgum öðrum háskólum. Með þeim hætti að gera kennslu með raundæmum að raunverulegum valkosti við kennsluna, mætti umbylta kennsluháttum þannig að nemendur verði virkir þátttakendur í námskeiðum. Það er að segja stutt við nemendamiðaða kennsluhætti þar sem notkun raundæma í kennslutímum kallar á virka þátttöku nemenda við greiningu og lausn dæmanna.

Það mætti taka raundæmi sem kennsluhætti skrefinu lengra, og gera nemendur að þátttakendum í frumsaningu íslenskra raundæma. Slíkt yrði töluverð nýjung við Háskóla Íslands, en það sama á reyndar við um aðra háskóla (um einsdæmi yrði að ræða). Skýr áherslan yrði þannig á nemendamiðaða kennslu. Tilraun hvað þetta málefni varðar hefur verið gerð. Viðbrögð þeirra nemenda sem þetta reyndu er í samræmi við væntingar um meiri beinni þátttöku þeirra í námskeiðum. Könnun var framkvæmd meðal nemenda námskeiðs árin 2020 og 2021. Niðurstöður eru þær að vinna nemendanna við ritun raundæma stendur upp úr hjá þeim sem leið til að læra og tengjast íslensku atvinnulífi. Með þessari tegund nemendamiðaðra kennsluhátta verða aukin tengsl við atvinnulífið. Enn fremur myndast rannsóknarsamfélag milli ólíkra nemendahópa vegna þess að nýir nemendahópar sjá hvað fyrri hópar unnu að þegar kemur að skrif raundæma.

Ef áhersla yrði almenn á meiri notkun frumsaminna raundæma um íslenskar aðstæður við HÍ, gæfi það einstakt tækifæri til þess að sýna hvernig ólíkir kennsluhættir skilar nemendum bestum árangri. Nýmælið er hér mikið, en ekki hefur fundist á alþjóðlegum vettvangi neitt sambærilegt efni og lagt er upp með hér. Markmið ætti að vera að Háskólaútgáfan verði útgefandi raundæmanna. Hvatari þurfa að vera fyrir hendi til að styðja við kennara til þess að stíga skrefið, skrifa raundæmi í samvinnu við nemendur og gefa þau út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.